



Umhverfisvæn málningarefni

Notkun terpentínubynnanlegra alkýðolíuefna (olíumálningarefni) hefur dregist mjög saman undanfarin ár. Ástæðan er sú að vatnsþynnanleg og umhverfisvæn efni hafa orðið betri og sterkari. Dæmi um það er vatnsþynnanleg akrýlmálning sem inniheldur hreint akrýlbíndiefni, líkt og **Bett** og **Hemukrýl**. Meðal kosta vatnsþynntrar akrýlmálningar í samanburði við terpentínubynnanlega alkýðmálningu eru...

- Meira efnapól (Sýrur, basa og þvottaefni o.s.frv).
- Meira höggþol (Alkýðefnin geta verið harðari en akrýlmálning þarf mun meira högg til þess að springa).
- Minni stökkleiki, þ.e.a.s. filman verður ekki stökkt með aldri.
- Mun litheldnari, t.d. gulnar síður.
- Alkýðolíuefni henta almennt ekki til málunar á gifsplötur.
- Þurrktími er mun styttri.
- Opnari fyrir rakaústreymi.
- Inniheldur lítil sem engin lífræn leysiefni og hefur enga terpentínu- eða jurtaolíulykt. Akrýlmálning er nánast lyktarlaus og hentar því á staði þar sem engin lykt má finnast, t.d. í skólum, sjúkrahúsum, elliheimilum og við matvælavinnslu.

Mun umhverfisvænni og minna álag á umhverfið!

Þess má geta að „**DIRECTIVE 2004/42/CE OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL** frá 21 apríl 2004 gerir ráð fyrir vissum takmörkunum á notkun málningarefna með lífrænum leysiefnum. Jafnframt hafa slíkar takmarkanir verið í ýmsum nágrannalöndum okkar, eins og til dæmis Danmörku, sjá „**Arbejdstilsynets bekendtgørelse nr. 302 af 13. maj 1993**” og „**Miljø- og Energiministeriets bekendtgørelse nr. 830 af 30. oktober 1999**”.